

Tómas R. Einarsson:

Heimsveldiskók og kaffi

• fasteignir • hús
Í MIÐJU BLAÐSINS



Guðmundur Þór Kárason:

Ljær Sigga sæta rödd sína

• sagði vei í staðinn fyrir jey
SÍÐA 34



Ath! 25% afsláttur! Allar EGO kvittanir veita 25% afslátt í Laugarásbío. LAUGARÁS BÍÓ ego Meira fyrir peninginn

FRÉTTA BLAÐIÐ FRÍTT

2. maí 2005 - 110. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Vefvang: visir.is - Sími: 550 5000 VISIR

MÁNUDAGUR




ALMENNINGUR HITTI EINKA-VÆDINGARNEFND Agnes Bragadóttir og Orri Vígfússon, fulltrúar Almennings ehf., fóru á fund einkavæðingarnefndar í viðskiptaráðuneytinu í gærmorgun og afhentu þar umboð frá 1.800 einstaklingum um að fá afhent gögn framkvæmdaneftarmanna og Morgan Stanley um sölu Símans. Sjá síðu 2

DÓMSTÓLL DÆMIR GEGN VIRKUM LIFEYRISRÉTTINDUM Skerðing á lífevni fyrirverandi starfsmanns Seðlabankans fer fyrir Hæstarétt á næstunni. Í lögfræðilíti um eftirlaun ráðherra, þingmanna og dómara er varað við skerðingu á eftirlaunaréttindum þeirra sem þegar þiggja þau. Sjá síðu 2

TUGMILLJÓNIR Í LEIT AÐ VERUSTAD LAXA Veiðimálastofnun ætlar að afhjúpa leyndardóminn um verustað laxa í úthöfunum. Tækjavæddum gönguseidum verður sleppt í vor. Rannsóknir kostar 70 til 80 milljónir króna. Sjá síðu 4

KRÖFUGÖNGUR OG CASTRO-RÆÐUR Milljónir manna úti um allan heim héldu í gær alþjóðlegan baráttudag verkalýðsins hátiðlegan með margvíslegum hætti. Sjá síðu 6



ÞAÐ MÁ REIKNA MEÐ EINHVERJUM VINDI víða á landinu í dag, jafnvel strekkingi og úrkomu vestanlands. Sjá síðu 4



ÚTSKRIFTARTÓNLEIKAR Petra Spielvogel, mezzóópran og pianóleikari, heldur útskriftartónleika frá tónlistardeild Listaháskólans í íslensku óperunni klukkun 20.00.

Table with 4 columns: Kvikmyndir, Tónlist, Leikhús, Myndlist, Íþróttir, Sjónvarp

76% 20-49 ára fólks á sv-horninu lesa Fréttablaðið á fimmtudögum.\* Náu til fólksins sem er að leggja drög að viðtækri neyslu helgarinnar. \*Gallup febrúar 2005 FRÉTTABLAÐIÐ

Bresk tískukeðja vill í íslenska kauphöll

Breska tiskuvörudekjan Mosaic hyggur á hlutfjárútboð til fagfjórfa og almennings og skráningar í Kauphöll Íslands. Mosaic yrði meðal tíu stærstu fyrirtækjanna í Kauphöll Íslands.

VIÐSKIPTI Breska verslanadekjan Mosaic Fashions sem er meðal annars í eigu Baugs og KB banka hyggur á hlutfjárútboð hér á landi og skráningu í Kauphöll Íslands í beinu framhaldi. Það yrði fyrsta skráning félags af erlendurum uppruna hérlendis.

Mosaic hyggst afla 4,8 milljarða króna í útboðinu og selja hlutina til fagfjórfa og almennings. Hagnaður Mosaic fyrir afskriftir og fjármagnslíði, eða EBITDA, var 6,3 milljarðar og miðað við þá upphæð má gera ráð fyrir að félagið verði í hóp áttu stærstu félaga Kauphallarinnar

með markaðsvirði yfir 30 milljarða króna.

Mosaic rekur 600 verslanir og eru flestar þeirra í Bretlandi, en félagið hefur á undanfönum misserum verið að sækja fram á alþjóðamarkaði og rekur nú verslanir víða um heim undir merkjum Oasis, Coast, Karen Millen og Whistles.

Derek Lovelock, forstjóri Mosaic og einn eigenda, segir marga kosti liggja í því fyrir Mosaic að skrá sig hér á landi. „Við yrðum frekar stórir á markaði hér miðað við það sem við værum í Bretlandi og mikil viðskipti með bréfin.“

Baugur keypti Oasis ásamt

stjórnendum félagsins árið 2003 og hefur félagið verið í örur vexti og ræður nú fjórum vörumerkjum. Derek segir að auk þess sem fjögur merki geti samnýtt stöðdeildir felist einnig áhættudreifing í fjölda vörumerkjanna.

Þóroddur Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, fagnar áhuga Mosaic á skráningu hér á landi. Hann segir tilkomu Mosaic viðurkenningu á gæðum markaðarins hér, auk þess sem hún veki athygli erlendra fjórfa og fyrirtækja á Kauphöllinni. Stefnt er að skráningu Mosaic fyrir júnílok.

- hh



SNIGLAR Á STÍÁ Eins og sjá má var fjölbreytni fáka og knapa mikil í hópakstrinum.

Hópakstur bifhjólanna:

Vorinu fagnað

BIFHJÓL Sniglar, Bifhjólasmótök lýðveldisins, stóðu sem endranær fyrir hópakstri bifhjólanna um Reykjavík á fyrsta maí. Um 300 vélfákaknappar mættu niður á Granda um miðjan daginn og héldu í halarófu sem leið lá austur í gegnum borgina og víðar um höfuðborgarsvæðið. Með hópakstrinum vilja Sniglarnir meðal annars minna bílaökumenn á að nú er bifhjólavertíðin hafin eftir vetrardvalann.

Íslenskum bifhjóláeigendum fer sífjöldandi. Það sem af er þessu ári hafa hátt í sex hundruð hjól verið flutt til landsins. - aa

Óréttlátur skattur

STJÓRNMÁL Pétur Blöndal, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, ætlar að ná samstöðu meðal þingflokka um að frumvarp Margrét Frímansdóttur um afnám stimpilgjalds við endurfjármögnun lána verði lögfest fyrir sumarfrí Alþingis, eins og sagt var frá í fréttum Stöðvar 2 í gær.

„Ég er mjög glöð með þetta og ég hef trú á því að Pétur nái frumvarpinu í gegn því hann er mjög fylginn sér. Ég vil náttúrulega að stimpilgjöld verði afnumin í heild sinni því það er mikil kjarabót fyrir bæði fjölskyldur og fyrirtæki. Stimpilgjöld eru hrikalega óréttlátur skattur en þetta er spor í rétta átt,“ segir Margrét. - lk



1. MAÍ Fjölmenn var í 1. maí göngunni í miðbæ Reykjavíkur í gær. Jafnt ungir sem aldnir lögðu leið sína í miðbæinn til að berjast fyrir hinum ýmsu hitamállum í þjóðfélaginu. Á myndinni sést Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, sem hélt ávarp á útfundi verkalýðsins á Ingólfstorgi eftir gönguna. Í ávarpi sínu hvatti Ögmundur verkalýðinn til að snúa vörn í sókn gegn auðmönnum landsins. Sjá síðu 14.

Átökin í Írak:

Tugir Íraka falla í tilræðum

ÍRAK AP Uppreisnarmenn í Írak héldu í gær áfram árásum til að bjóða nýmyndaðri ríkisstjórn landsins birginn. Tuttugu Írakar, flestir Kúrdar, biðu bana og minnst 30 særðust síðdegis í bílsprengráttu í útför í Kirkuk í norðurhluta landsins. Fyrr um daginn höfðu að sögn lögreglu að minnsta kosti tíu Írakar látið lífið og á þriðja tug særst í sprengju- og skotárásur.

Þá gerðist það einnig í gær að hermenn handtöku menn suður af Bagdad, sem grunaðir eru um að hafa verið viðriðrir brottnáma Margaret Hassan, bresks hjálparstarfsmanns, sem talin er hafa verið myrt í fyrra. Við handtöku fundust munir sem líklegt er



talið að hafi tilheyrt Hassan. Enn fremur var birt myndband sem sýnir ástralskan gísl biðja um að bandaríska herliðið yfirgefi Írak, ella verði hann teknin af lífi.

Að minnsta kosti 110 manna hafa látið lífið í árásum uppreisnarmanna í Írak síðan á föstudag, en sýnt þykir að þessi hrina árása sé hugsuð af hálfu uppreisnarmanna til að sýna að nýmynduð ríkisstjórn Íraks sé því verkefni ekki vaxin að koma á friði og reglu í landinu. ■

SPRENGT Í BAGDAD Vegfarendur í Bagdad skoða flak bandaríks herbils sem sprengdur var í gær.

VIKULEGAR SIGLINGAR ATLANTSSKIP -FLYTJA VÖRUR- FRÁ EVRÓPU Miðvikudagar Vlissingen / Holland 591 3000



SPURNING DAGSINS

Hlynur, er hægt að panta spá hjá þér?

„Ef málefnið er brýnt og kallar á skjót og greið svör má fólk hringja í mig. Ég er reyndar mjög dýr – tek 5.000 þýsk mörk fyrir hvern spádóm.“

Hlynur Áskelsson, öðru nafni Ceres 4, þýkir afar sannspár í textasmíðum sínum. Hann söng lagið Stoke er djök og spáði þannig fyrir um endalok Stoke-veldisins sem nú er orðið að veruleika. Hann spáði einnig fyrir um fangelsisvist Árna Johnsen svo dæmi sé tekið en spáðómanna er hægt að sjá á heimasíðu hans, ceres4.com.

Almenningur hittir einkavæðingarnefnd: Kröfurnar ítrekaðar í bréfi

EINKAVÆÐING Forsvarsmenn Almenninga ehf., félags um kaup almenninga á Landssíma Íslands, skrifuðu einkavæðingarnefnd bréf í gærkvöld og ítrekuðu kröfu sína um að fá upplýsingar til að geta metið og tekið upplýsta afstöðu við gerð tilboda í Símann.

skiptaráðuneytinu í gærmorgun og afhentu þar umboð frá 1.800 einstaklingum um að fá afhent gögn framkvæmdanefndarinnar og Morgan Stanley um sölu Símanns.

„Við buðum upp á samvinnu með hvaða hætti þetta verður gert, á rafrænan hátt eða annan. Svo ræddum við líka tímapressuna,“ segir Orri.



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIBA HELGADÓTTIR

UNDIRSKRIFTALISTAR AFHENTIR

Agnes Bragadóttir og Orri Vigfússon, fulltrúar Almenninga, héldu á fund einkavæðingarnefndar í viðskiptaráðuneytinu í gærmorgun. Þar afhentu þau umboð sín til að fá afhent nauðsynleg gögn til að geta gert tilboð í Símann.

Fjórtnán ára stúlka: Ók út af vegi

LÖGREGLA Lögreglan í Kópavogi fékk aðfaranótt sunnudags upplýsingar um bifreið sem hafði verið ekið út af í Álfabakka. Ökumaðurinn reyndist vera fjórtnán ára gömul stúlka og hafði hún stolið bifreiðinni frá heimili sínu. Með henni í för var jafnaldrá hennar.

Þegar stúlkan ók úr Breiðholti í Mjóddina keyrði hún á móti einstefnu í Álfabakka. Þar fór bifreiðin fram af háu barði við enda götunnar og niður talsverðan halla þar sem hún lenti í grjóti. Bifreiðin valt þó ekki og hvoruga stúlkuna sakaði. Stúlkun sem sat við stýri er grunuð um ölvun við akstur og kemur málið til afgreiðslu félagsmálayfirvalda því stúlkun er ósakhæf. ■

Höfnin á Reyðarfirði: Kaupir lóðsbát

FIJARÞABYGGÐ Allar líkur eru á því að bæjaryfirvöld í Fjarðabyggð kaupi lóðsbát í lok næsta árs og kemur báturinn þá til landsins árið 2007, um svipað leyti og höfnin verður fullbyggð og frágengin.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri segir að ekki hafi verið ákveðið hvernig kaupin verði fjármögnuð. Sveitarfélagið sé afar skuldugt eins og staðan sé í dag og á undanþágu frá félagsmálaráðuneytinu.

Ljóst sé þó að auknar lántökur þurfi að einhverju leyti. - ghs

BJÖRGUN

UNGUR DRENGUR SLASAÐIST

Drengur fæddur 1989 slasaðist á æfingu með unglíngadeild björgunarsveitarinnar Sæbjargar á Ólafsvík. Þyrla sótti hann klukkann hálfíggju í gær og flutti hann á slysadeild. Slysíð atvikaðist þannig að drengurinn lenti á milli báts og innsiglingabauju. Hann er fótbrottinn og með einhver sár á fótlegg og handlegg.

Dómstóll dæmir gegn virkum lífeyrisréttindum

Skerðing á lífeyri fyrrverandi starfsmanns Seðlabankans fer fyrir Hæstarétt á næstunni. Í lögfræðiáliti um eftirlaun ráðherra, þingmanna og dómara er varað við skerðingu á eftirlaunaréttindum þeirra sem þeggar þiggja þau.

LÍFEYRISMÁL Nokkrir af fyrrverandi starfsmönnum Seðlabankans hafa reynt að fá skerðingu á lífeyrisréttindum sínum hnekk með dómi en án árangurs. Seðlabankinn og Lífeyrissjóður bankanna hafa í fleiri en einu máli verið sýknaðir bæði í undirrétti og Hæstarétti.

verði um brot á jafnræðisreglu að ræða þar sem eitt sé látið gilda um þá en annað um aðra bankastarfsmenn.

Sigurður Örn Einarsson, fyrrverandi yfirmaður aðalskrifstofu Seðlabankans, tapaði skaðabótamáli á hendur bankanum vegna skerðingarinnar í Hæstarétti í fyrra. Mál Jóhanns T. Ingjalðssonar, fyrrverandi aðalbókara Seðlabankans, gegn Lífeyrissjóði bankastarfsmanna hefur nú verið þingfest í Hæstarétti. Sjóðurinn var sýknaður af kröfum hans í Héraðsdómi Reykjavíkur í desember síðastliðnum. Jóhann hóf töku lífeyris þegar árið 1991 og hafði því notið eignar sinnar í sjóðnum í sjö ár þegar til skerðingar kom með nýrri reglugerð. Dómurinn taldi að virk lífeyristaka samkvæmt eldri reglum skipti ekki máli þar sem

úttekt á skuldbindingum sjóðsins miðaðist við nýju reglurnar en ekki eldri skuldbindingar.

Í nýju lögfræðiáliti Karls Axelssonar og Lilju Jónasdóttur um eftirlaunaréttindi ráðherra, þingmanna og dómara er varað við því að hrófla við eftirlaunaréttindum þeirra sem þeggar þiggja þau. Hæstaréttur hefur einnig áréttáð í máli frá árinu 2002 að heimild til að skerða virk lífeyrisréttindi sé þröng.

Umrædd skerðing lífeyrisréttinda frá árinu 1998 nær til fjölda fyrrverandi starfsmanna Seðlabankans og getur í fyllingu tímans numið tugum eða jafnvel hundruð milljónum króna.

johannah@frettabladid.is



SEÐLABANKI ÍSLANDS Mál nokkurra fyrrum starfsmanna Seðlabankans fer fyrir Hæstarétt á næstunni, en þeir segja breytingar á lífeyrisréttindum vera svik á ráðningasamningi.

Könnun IMG Gallup: Stjórnin með minnihluta

KÖNNUN Ríkisstjórnin missir meirihlutafylgi samkvæmt nýrri könnun IMG Gallup sem sagt var frá í fréttum Ríkissjórnvarpsins í gær, en stuðningur við stjórnina mælist 49 prósent.

Sjálfstæðisflokkurinn er með 37 prósentu fylgi og fylgi Framsóknarflokksins er tíu prósent. Samfylkingin er með tæplega 32 prósentu fylgi og endurheimtir þrjú prósentustig sem hún tapaði í mars. Fylgi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs er nær óbreytt; 15,5 prósent. Frjálslyndi flokkurinn er í sókn með sex prósentu fylgi. Svörin byggjast á símakönnun sem gerð var 31. mars til 27. apríl. - lk

Bilstjórar sömu bifreiðar: Grunaðir um ölvun

LÖGREGLA Klukkan hálfssjó á morgni sunnudags barst lögreglunni í Kópavogi tilkynning um hugsanlega ölvöðan ökumann bifreiðar sem á Breiðholtsbraut við Nýbýlaveg. Þegar lögreglan nálgadist bílinn ók bifreiðin af stað. Lögreglan stöðvaði þá bifreiðina og kom í ljós að bilstjórnin hafði verið farþegi í annarri bifreið og boðist til að keyra bílinn fyrir umræddan ökumann. Ekki vildi betur til en svo að þeir eru báðir grunaðir um ölvun við akstur. ■

---

LÖGREGLUFRETTIR

ÁREKSTUR Ekið var á kyrrstæða bifreið við Vinaminni á Suðurgötu 17 í Keflavíki í gær. Bifreiðin sem ekið var á var rauður Cadillac og voru nokkrar skemmdir á vinstra frambretti hennar. Mun þetta hafa gerst á milli klukkan 15 og 17 en enn er ekki vitað um tjónsvald.

Advertisement for Smith & Norland kitchen appliances including a toaster, kettle, and kettle. Text: 'Við sendum Vorbúhnykkur blað í gær með Fréttablaðinu. Í því er fjöldi flottra tækja á finu Búhnykks-verði. Einnig á www.sminor.is. Skreppu strax í heimsókn til okkar. SMITH & NORLAND'.

Umboðsmaður Alþingis um útflutning á hrefnukjöti: Ráðuneytið hafði ekki vald

ÚTFLUTNINGUR Umhverfisráðuneytið hafði ekki vald til að fjalla efnislega um fyrirhugaðan útflutning á hrefnukjöti til Kína og verður að meta afturköllun þess á leyfi til útflutnings á hrefnukjöti frá 2004 með hlidsjón af því. Dómstólar eiga að skera úr um gildi leyfisins og afturköllun þess, sem og um hugsanlega skaðabótaskyldu ríkisins verði leitað eftir því.

Þetta er niðurstaða umboðsmanns Alþingis í framhaldi af kvörtunum yfir ákvörðunum umhverfisráðuneytisins. Hann telur jafnframt að umhverfisráðuneytið hafi veitt rangar leiðbeiningar um það hvert ætti að snúa sér til að fá upplýsingar um það hvort leyfi þyrfti til útflutnings á hrefnukjöti og að dómstólar verði að skera úr um hvort ríkið beri skaðabótaábyrgð í



HREFNUKJÖT TIL KÍNA

Umhverfisráðuneytið sýndi lélega stjórnýslyu og hafði ekki vald til að fjalla um fyrirhugaðan útflutning á hrefnukjöti til Kína, hvað þá að afturkalla leyfi til útflutningsins. Þetta er niðurstaða umboðsmanns Alþingis.

ljósi þessa. Þá telur hann að umhverfisráðuneytinu hafi tekist illa til um stjórnýslyu í málinu. Umboðsmaður beinir því til um-

hverfisráðherra að taka tillit til gagnrýni á stjórnýslyu umhverfisráðuneytisins og vekur athygli sjávarútvegsráðherra á álitinu. - ghs



## Iceland Express og e-kortið hefja samstarf - í þína þágu

Nú fá e-korthafar 2,5% af viðskiptum við Iceland Express endurgreidd, auk fastrar 0,5% endurgreiðslu af öllum innlendum viðskiptum!

### Frábært flugtilboð til e-korthafa

Fljúgðu með Iceland Express til London, Köben eða Frankfurt og hvor leið kostar **einungis 2000 kr. auk skatta**, fyrir þá sem greiða með e-kortinu! 2000 flugsæti eru á þessu tilboði sem gildir frá 2. maí til 1. júlí (bæði bókun og ferð þurfa að vera á tímabilinu). Til þess að tryggja þér flugfar á þessu frábæra verði skaltu bóka fljótt. Sala hefst mánudaginn 2. maí kl. 9. **Góða ferð!**



**2000 kr.**  
auk skatta hvora leið




Bókaðu á [ekort.is/icelandexpress](http://ekort.is/icelandexpress), hringdu í Iceland Express í síma 5 500 600 eða kíktu við á söluskrifstofunni að Suðurlandsbraut 24.







**Nýjar** vörur  
í hverri viku



**Opið**  
Virka daga 10 – 18  
Laugardaga 11 – 16



# ÚTIVIST & SPORT

verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550  
Akureyri Strandgata 3 S. 464-4450  
Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322

**Aðrir sölustaðir:**  
Ísafjörður Hafnarhúsið S. 456-3245  
Reyðarfjörður Molinn S. 474-1400  
Höfn H. Hafnarbraut 34 S. 478-2216

**Nýjar barnavörur  
á tilboðsverði**

- bolir kr. 790,-
- skyrtur kr. 990,-
- flíspeysur kr. 1.990,-
- buxur kr. 1.490,-
- zip off buxur kr. 2.490,-
- jakkar kr. 2.990,-
- regnjakkar kr. 2.490,-
- regnbuxur kr. 1.490,-



## Við losnum út eftir 63 daga.

Að sitja læstar inni í 63 daga til viðbótar virðist kannski ekki svo langur tími. En þegar við þurfum að dúsa aðþrengdar með allt of litinn hraða, upplifum við þessa 63 daga ekki sem 1.512 klukkustundir, eða 90.720 mínútur heldur sem 5.443.200 sekúndur í einangrun. Kritum eitt strik fyrir hverja sekúndu.

Þvílík ósanngirni. En til allrar hamingju þá höfum við hvor aðra og tölum mikið um hvað framtíðin er björt með háhraðatengingu á frábæru verði frá Hive.

Lára Hrönn Árnadóttir  
og Ólöf Brynja Aradóttir  
Litlagerði 12,  
108 Reykjavík



GÓTT FOLK MCCANN

3.990\*

**Hive**Lite

Práðlaust internet  
2GB niðurhal  
4Mb tenging

\*Hive Lite er ný og hagkvæm áskriftarleið sem færir þér práðlaust internet, 2GB niðurhal, 4Mb tengingu og fullkominn tækjabúnað á aðeins 3.990 kr. á mánuði.

Hive.is Grensásvegur 16, 105 Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 [hive@hive.is](mailto:hive@hive.is)

**Hive**



www.verk.hi.is

**VERK**

**FRÆÐI**

- Hugbúnaðarverkfræði
- Tölvunarfræði
- Tölvuverkfræði
- Rafmagnsverkfræði
- Vélaverkfræði
- Iðnaðarverkfræði
- Efnaverkfræði
- Byggingarverkfræði
- Umhverfisverkfræði

VERKFRÆÐIDEILD  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og rafræn umsóknareyðublöð á [www.hi.is](http://www.hi.is)

## Málþing um Jónas frá Hriflu: Sjálfstæðisflokkurinn stofnaður vegna ótta

**MÁLÞING** Málþing um Jónas Jónsson frá Hriflu var haldið 1. maí á vegum Viðskiptaháskólans á Bifröst og Framsóknarflokksins í tilefni af 120 ára fæðingaráf-mæli Jónasar.

„Sjálfstæðisflokkurinn varð til vegna þess ótta sem menn höfðu af Jónasi og þeirri þróun sem orðin var undir hans leiðsögn,“ sagði Guðjón Friðriksson sagnfræðingur í fyrirlestri sínum á málþinginu. Á þinginu var fjallað um Jónas annars vegar sem stjórnálmann og hins

vegar sem skólmann en hann var að mörgu leyti frumkvöðull í skólamáli.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sat þingið og flutti erindi en brást ekki við þessum ummælum Guðjóns. „Hann kom hins vegar inn á hversu framsýnn Jónas var í utanríkisstefnu hvað varðar samning við bandaríska herliðið,“ segir Bárður Örn Gunnarsson, kynningar- og markaðsfulltrúi Viðskiptaháskólans. „Þetta var opin fyrirlestur og ummæli Guðjóns



**JÓNAS FRÁ HRIFLU**  
Var bæði frumkvöðull í stjórnmálum og skólamáli.

brunnu mest á fólki en Halldór blandaði sér ekki í þá umræðu,“ bætir Bárður við.

- lk



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### LÝÐURINN BLESSAÐUR

Benedikt XVI páfi blessar lýðinn út um gluggann á íbúð sinni í Páfagarði, sem snýr út að Péturstorginu. Þetta var fyrsta opinbera sunnudagsbænahaldið sem páfi stýrði eftir að hann tók við.

## Vill breytingar á fyrningarfresti

Jónína Bjartmarz vill afnema eða lengja fyrningarfrest í alvarlegri kynferðisbrotum gegn börnum. Hún vill breytingar á fúmvarpi sem nú liggur fyrir.

**ALÞINGI** Jónína Bjartmarz alþingismaður telur að huga þurfi að breytingum á fúmvarpi um afnám fyrningarákvæðis þegar um er að ræða kynferðisbrot gegn börnum undir 14 ára aldri.

Jónína á sæti í allsherjarnefnd, en þar er fúmvarpið, sem Ágúst Ólafur Ágústsson alþingismaður lagði fram, til meðferðar.

„Spurningin er hvort rök séu til þess að afnema fyrningarfrest í öllum ákvæðum kaflans um kynferðisbrot gegn börnum,“ sagði Jónína. „Við þeim brotum sem ekki fyrnast liggur að öllu jöfnu 16 ára fangelsi eða meira. Hvað varðar kynferðisafbrot erum við ekki að tala um hámarksrefsingu sem nemur svo miklu. Refsingarnar eru mjög mismunandi eftir grófleika brotanna en nágast hvergi 16 ár. Því væri það úr takt við refsirammann gagnvart öðrum brotum með mun hærri hámarksrefsingu að afnema fyrningarfrestinn í öllum kynferðisbrotum gagnvart börnum.“

Á móti má benda á að mat almennings á alvarleika þessara brota hefur verið að breytast á allra síðustu árum. Þetta eru brot sem hafa ekkert minni áhrif á einstaklinginn til allrar framtíðar en mjög grófar líkamsmeiðingar; grófustu brotin í hegningarlögnum sem mjög þungar refsingar

liggja við. Sá raunveruleiki er grunnurinn undir það að eðlilegt sé að þessi brot séu litin öðrum augum gagnvart fyrningunni.“

Jónína benti á nýjar upplýsingar frá Stígamtóttum sem sýndu að meðalaldur meirihluta þeirra einstaklinga sem leituðu þangað væri slíkur að brotin væru fyrnd samkvæmt gildandi fyrningarákvæði. Svo virtist sem brotþólar gætu ekki tekist á við þessa hluti og leitað sér aðstoðar fyrr en þeir væru komnir á fullorðinsár og jafnvel efri ár. Þetta sýndi hve langan tíma fólk þyrfti til að vinna úr þessum brotum, ef það gerði það einhvern tíma á annað borð.

„Það eru önnur rökinn fyrir að afnema fyrningu í þessum brotum,“ sagði Jónína. „Segja má að því alvarlegra sem brotið sé, þeim mun lengri tíma þurfi þólandi til að vinna úr því. Þess vegna er ástæða til þess að fella alveg niður fyrningarfrestinn eða lengja hann verulega í alvarlegri brotum. Það er síður ástæða til þess í hinum vægari. Þó svo að fyrningarfresturinn yrði afnuminn eða hann lengdur teldi ég enga ástæðu til að ætla einhverja holskeflu í kærnum vegna slíkra brota, að því ógleymdu hve erfitt er að koma við sönnun í þessum málum og því erfiðara sem lengri tími er liðinn frá brotinu.“

jss@frettabladid.is

**Kauptu miða núna!**

**10**

**Ford Mustang**  
bifreiðar í vinninga

**3 milljónir í skottið að auki**  
ef þú átt tvöfaldan miða

Hringdu núna  
**561 7757**

Kíktu á netið  
**www.das.is**

HAPDRÆTTI

**dae**

-dregið í hverri viku



**JÓNÍNA BJARTMARZ**  
Telur að huga þurfi að breytingum á fyrningarfúmvarpi Ágúst Ólafs Ágústssonar alþingismanns.

Fljótsdalshérað:

## Skólpið geislað

**HOLRÆSAHREINSUN** Síðastliðinn föstudag var tekið í notkun nýtt fjögurra þræpa hreinsivirki við holræsaferfi Egilsstaða. Fljótsdalshérað er brautryðjandi á Íslandi í notkun þeirrar tækni sem hreinsivirki byggir á en notaður er bakteríudrepandi geislabúnaður við hreinsunina. Búið er að koma fyrir fjórum slíkum hreinsivirkjum í bæjarfélaginu og áformað að reisa það fimmta á næstunni.



**HREINSIVIRKIÐ GANGSETT**  
Soffía Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs, ræsti hreinsivirkið en það var framleitt af Bólholti á Egilsstöðum.

- kk



## C4 SALOON

■ C4 SALOON SX 5 gíra 1,6 110 hö\*  
 VERÐ ..... 1.820.000 kr.  
 LEIGA ..... 32.300 kr.  
 LÁN ..... 21.837 kr.



Franskir dagar  
 í Brimborg. Nú er  
 tækifærið að skipta  
 um og fá sér fransk-  
 an bíl fyrir 15. maí.  
 Komdu í kaffi.

# Mikið af því góða er best Veldu Citroën C4 á frönskum dögum

► Cárungarnir segja franska menningu svo þróaða að orðið „magn“ sé ekki lengur til í orðaforða Frakka. Þeir telja að þarna sé komin ástæða þess að franskar konur séu grannar ... og að franskir karlar góðir elskhugar. Þælingin er auðvitað orðspor Frakka um að þeir leggi meira upp úr gæðum en magni. Frakkarnir vita hinsvegar að gæði felast í fjölda

þeirra eiginleika sem heildina skapa. Og að gæði sé í raun annað orð yfir notagildi. Þess vegna eiga Frakkar Chateau de Versailles, Channel No5, Claude Monet og Citroën. Þetta skiljum við Íslendingar enda viljum við meina að mikið af því góða sé best. Hjá okkur eru mikil gæði (m)unaður. Komdu á franska daga í Brimborg. Veldu Citroën C4.

### Berðu saman verð, gæði og græjur. Dæmi um staðalbúnað í C4:

- Staðalbúnaður:
- Hraðastillir
- Stillanlegur hraðatakmarkari
- Fjarstýring helstu stjómrofa í stýri
- Stafrænt mælaborð með birtuskynjun
- Loftkæling með móðuvörn
- Þokuljós í framstuðara
- 6 Öryggisþúðar

- Upphitanleg framsæti
- Geislaspillari með fjarstýringu í stýri
- 6 Hátalarar
- Aksturstólva
- Útíhitamælir
- Ilmgjafahólf
- Fjölstillanlegt bílstjórasæti
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA neyðarhemlunarbúnaður
- Rafdrifnir útspeglar
- Velti- og aðdráttarstýri
- Fjarstýrð samlæsing

### Mikið meira er betra. Skoðaðu aukabúnað C4 t.d.:

- Xenon beygjuljós
- Bluetooth þráðlaus símabúnaður
- ESP spólvörn og stöðugleikastýring
- Bakskynjari
- Minibar/kællir
- Clerþak
- Leðurinnrétting
- Skyggðar rúður
- Sérstýrkt öryggisgler
- Dráttarkrókur
- Fjöldiska geislaspillari

Komdu á franska daga í Brimborg. Upplifðu frönsk gæði. Skoðaðu Citroën – eka franskan munað.



■ C2 VTR 5 gíra Sensodrive 1,6 110 hö\*  
 VERÐ ..... 1.589.000 kr.  
 LEIGA ..... 28.600 kr.  
 LÁN ..... 18.606 kr.



■ C3 SX 5 gíra 1,4 75 hö\*  
 VERÐ ..... 1.419.000 kr.  
 LEIGA ..... 26.900 kr.  
 LÁN ..... 17.056 kr.



■ Berlingo Multispace 5 gíra 1,4 75 hö\*  
 VERÐ ..... 1.559.000 kr.  
 LEIGA ..... 28.200 kr.  
 LÁN ..... 18.845 kr.



■ C4 COUPÉ SX 5 gíra 1,6 110 hö\*  
 VERÐ ..... 1.790.000 kr.  
 LEIGA ..... 31.800 kr.  
 LÁN ..... 21.479 kr.



■ C4 SALOON SX 5 gíra 1,6 110 hö\*  
 VERÐ ..... 1.820.000 kr.  
 LEIGA ..... 32.300 kr.  
 LÁN ..... 21.837 kr.




■ Xsara Picasso SX 5 gíra 1,8 117 hö\*  
 VERÐ ..... 1.859.000 kr.  
 LEIGA ..... 34.000 kr.  
 LÁN ..... 22.421 kr.



■ C5 X 5 gíra 1,8 117 hö\*  
 VERÐ ..... 2.060.000 kr.  
 LEIGA ..... 36.800 kr.  
 LÁN ..... 24.817 kr.




■ C8 SX Sjálfskiptur 2,0 138 hö\*  
 VERÐ ..... 2.999.000 kr.  
 LEIGA ..... 53.900 kr.  
 LÁN ..... 35.892 kr.



Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg. Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt\*\* veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Citroën í dag. Komdu í café og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér Citroën.

Sífeltil fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu sulumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.citroen.is

\* Brimborg og Citroën áskila sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukil er kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bilasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl. myntkarfa. \*\* Staðgreitt: 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd: af C3 er áfelligur, þokuljós og samlitun; af C4 er áfelligur; af Berlingo er þokuljós; af C8 er áfelligur og samlitun; Xsara Picasso er áfelligur og samlitun.

EFTIRMÁL ÞRÖNG Í KIRKJUGARÐI HAFNARFJARÐAR:

## Varanleg lausn hefur ekki fengist

Í ársbyrjun árið 2002 komst í fréttir að skipulagsnefnd kirkjugarða vildi að bæjarstjórn Hafnarfjarðar beitti sér fyrir því að fjölgun grafarstæða í kirkjugarði bæjarins yrði flýtt. Í erindi skipulagsnefndarinnar til bæjaryfirvalda kom fram að hraðar hefði gengið á legstæði en búist var við og mikið verið um greftranir fólks sem ekki átti lögheimili í Hafnarfirði. Óttast var að ef ekki yrði gripið til aðgerða myndu öll nýgrafarstæði verða frátekin innan tveggja til þriggja ára.

„Það hefur verið bætt við legstöðum hér í kring jafnóðum,“ segir Arnór Sigurðsson, umsjónarmaður Kirkjugarðs Hafnarfjarðar. „Það



er pláss í kringum garðinn en það er aldrei rými fyrir margar grafir í einu.“ Arnór telur að varanleg lausn á vandanum fái ekki nema með nýjum garði á öðrum stað í bænum. „Við höfum óskað eftir að fá pláss fyrir nýjan garð í Kjódal við Kaldársel. Það er alveg nýtt svæði og nóg rými.“ Arnór vonast til að þetta verði að raunveruleika innan fárra ára þó að hann hafi ekki fengið ákveðin svör frá bæjaryfirvöldum.

Enn sem komið er þurfa Hafnarfirðingar því ekki að láta bera sig til moldar í Garðabæ og Arnór vonar að til þess muni ekki koma.

SVONA ERUM VIÐ



16.029 STUNDA NÁM VIÐ HÁSKÓLA Á ÍSLANDI

Heimild: Hagstofan

24  
stundir

ÁSTKÆRA YLHÝRA

## Að vinna og sigra

Oft heyrst talað um að íþróttamenn og -lið hafi sigrað leiki eða mót. Það er hins vegar ómögulegt að sigra mót, enda er att kappi við andstæðinginn en ekki keppnina sjálfa. Á hinn bóginn er hægt að sigra á mótinu eða vinna mótið, bera sigur úr þytum, standa með pálmann í höndunum og svo framvegis. Það er því eins í málinu og daglega lífinu að það er ekki jafngilt að vinna og sigra.

magnus@frettabladid.is

Eigandi Opera Software:

## Óvæntur endir á Ameríkusundi

**NOREGUR** Jón Stephenson von Tetzchner, hálfíslenskur eigandi tölvufyrirtækisins Opera Software í Noregi, lagðist í vikunni til sunds frá Ósló áleiðis til Ameríku.

Hann hafði lofað þessu ef meira en ein milljón manns næði í nýjan vefvafra fyrirtækisins fyrstu fjóra sólarhringana eftir að hann var settur á markað.

Sundferðin stóð þó ekki lengi yfir því gat kom á gúmmibát aðstoðarmanns Jóns og þurfti Jón að bjarga aðstoðarmanninum frá drukknun. Ekkert verður því af heimsókn Jóns hingað til lands en hann ætlaði að koma við á Íslandi á leiðinni vestur um haf og hressa sig á heitu kakói hjá móður sinni sem búsett er hérlandis. ■



Í BATA Alma Geirdal og Edda Ýrr ætla að hjálpa stúlkum með átröskun í sumar og bjóða upp á hópmeðferð í Hinu húsinu.

## Gríðarleg þörf fyrir meiri stuðning

**Alma Geirdal og Edda Ýrr Einarsdóttir, átröskunarsjúklingar í bata, hafa stofnað Forma, samtök átröskunarsjúklinga. Þær ætla að bjóða upp á hópmeðferð án endurgjalds í Hinu húsinu í sumar.**

Þær voru báðar með átröskun á alvarlegu stigi og tókst báðum að sigrast á sjúkdómnum og ná bata. Nú vilja þær Alma Geirdal og Edda Ýrr Einarsdóttir hjálpa öðrum stúlkum við að ná tökum á lífi sínu. Þær hafa því stofnað Forma, samtök átröskunarsjúklinga, og ætla að bjóða upp á hópmeðferð án endurgjalds í Hinu húsinu.

Alma og Edda Ýrr kynntust eftir að viðtal birtist við Eddu í tímaritinu Nýju lífi þar sem hún lýsti bata sínum og því sem hana langaði að gera. „Ég ákvað að setja mig í samband við hana og við höfum hist annan hvern dag núna í mánuð,“ segir Alma, sem hefur ekki unnið áður að málum átröskunarsjúklinga. „Ég hef bara stigið mín skref í því að fá hjálp og það er mín reynsla og okkar beggja.“

Stúlkurnar telja gríðarlega þörf á því að koma upp meiri stuðningi fyrir átröskunarsjúk-

linga. Sjúkdómurinn sé ótrúlega algengur og heilbrigðiskerfið geti ekki veitt næga hjálp. Í hópmeðferðinni, sem stendur í tíu vikur, ætla þær að miðla af reynslu sinni, bæði neikvæðri og jákvæðri. Þær munu taka á því sem þeim finnst vanta og benda á hluti sem hafa hjálpað þeim.

Alma fékk anorexiu þegar hún var ófrísk að öðru barni sínu, þá 24 ára gömul, en algengara er að stúlkur veikist yngri. „Ég tilheyrir minnihlutahópi,“ segir Alma, sem þjáðist af átröskun í tvö ár og telur kröfur samfélagsins allt of miklar. Alma þakkar Eddu Ýrr að hluta árangur sinn, þar sem hún hjálpaði henni að koma skikk á mataræði sitt. Er ætlunin að hjálpa stúlkunum í hópmeðferðinni á sama hátt.

Þær vinkonur hafa ekki fengið neina styrki fyrir starf sitt og er vinnan öll unnin í sjálfboda-liðastarfi. Alma missti vinnuna í veikindum sínum og hætti í skóla. Nú vinnur hún að málefnum átröskunarsjúklinga samhliða barnauppeldi, en Edda Ýrr ætlar í nám í næringarfræði og sálfræði í haust.

Þær horfa jákvæðar til framtíðar. „Okkur finnst ótrúlegt að hafa náð bata á svona stuttum tíma. Það er ekki sjálfgefið því þetta er stanslaus barátta,“ segir Alma.

solveig@frettabladid.is

## TILBOÐ

Gisting eina nótt í tveggja manna herbergi, morgunverðarhlaðborð, þriggja rétta kvöldverður, hálf tíma nudd fyrir tvo.

Frá 12.800 kr. á mann alla virka daga Framboð á herb. er takmarkað.



## DRAUMADAGAR Á HÓTEL RANGÁ Í MAÍ

Gerðu þér dagamun og fagnaðu vorinu á Hótel Rangá. Við bjóðum sannkallaða draumadaga í maí; gistingu fylgir morgunverður, þriggja rétta kvöldverður og hálf tíma nudd fyrir tvo. Bókaðu gistingu og láttu drauminn rætast.



Icelandic Tourist Board  
www.iceboard.is

IH  
ICELANDAIRHOTELS  
RANGÁ

Nordica | Loftleiðir | Flughótel | Hamar | Flúðir | Rangá | Klaustur | Hérað www.icehotels.is



skóla var fagnað með við-  
pýlsu og 400 og 400  
400

# ÚRRVALIÐ



**AÐEINS**  
SIEMENS  
Þvottavél  
WXL 1063  
**5.490,-\***  
Staðgreitt: 65.880,-

**SIEMENS**  
MEIRA ÚRVAL  
Þurrkarar:  
Siemens 74.900,-  
AEG 85.900,-  
Asko 76.900,-  
Constructa 24.900,-  
Þvottavélar:  
Constructa 51.900,-  
Bauknecht 74.900,-  
AEG 79.900,-

1000 snúningar  
Tekur 6 kg  
Krumpuvörn  
Óil þvottakerfi  
**0% VAXTALAUSAR  
RÁÐGREIÐSLUR**



**AÐEINS**  
Elta kjúklingaofn  
ho100  
**3.330,-\***  
Staðgreitt: 9.900,-

**elta**  
MEIRA ÚRVAL  
Í sumarbústaðinn:  
Espresso kanna 4.990,-  
Rafmagnspanna 6.990,-  
Blandari 4.990,-  
Safapressa 4.980,-  
Bakaraofn 4.990,-  
Brauðrist 990,-

Kjúklingaofn með blæstri fyrir þá sem hugsa um heilsuna  
**4 MÁNADA LÉTTGREIÐSLUR**



**AÐEINS**  
Samsung 2X  
kæliskápur (hvítur)  
RS1FDSV  
**14.995,-\***  
Staðgreitt: 179.900,-

**SAMSUNG**  
MEIRA ÚRVAL  
Samsung stál 199.900,-  
Bauknecht 34.900,-  
Whirlpool 44.900,-  
Wifa 59.900,-  
Siemens 59.900,-  
Bosch 64.900,-  
Electrolux 69.900,-

Amerískur kæli Super kæling í kæli og frysti Stafrænar stillingar Vatn, klaki og mulinn klaki  
**0% VAXTALAUSAR RÁÐGREIÐSLUR**



**AÐEINS**  
Sony video vél  
dchcl9  
**4.153,-\***  
Staðgreitt: 49.900,-

**SONY**  
MEIRA ÚRVAL  
Sony:  
Sony HC90 104.900,-  
Sony HC17 44.900,-  
Sony HC22 55.900,-  
Canon:  
Canon 750i 54.900,-  
Canon MV700 44.900,-

20x optical zoom  
CarlZeiss linsa  
2,5" TFT LCD  
snertiskjár  
USB 2.0  
Easy stilling  
i-Link  
Nightshot Plus  
Fjarstýring  
**0% VAXTALAUSAR RÁÐGREIÐSLUR**



**AÐEINS**  
Thomson sjónvarp  
12 volta (silfur)  
**4.975,-\***  
Staðgreitt: 19.900,-

**THOMSON**  
MEIRA ÚRVAL  
Thomson:  
14" sjónvarp 15.900,-  
28" sjónvarp 29.900,-  
29" sjónvarp 49.900,-  
Phocus:  
32" sjónvarp 79.900,-

BlackMatrix skjár  
12/24/220 volt  
Fjarstýring  
Textavarp o.fl.  
**4 MÁNADA LÉTTGREIÐSLUR**



**AÐEINS**  
SONY cyber-Shot  
S40  
**4.995,-\***  
Staðgreitt: 19.900,-

**SONY**  
MEIRA ÚRVAL  
Sony L1 24.900,-  
Kodak CX6330 10.990,-  
Kodak Z700 29.900,-  
Canon IXUS 40 44.900,-

Litaskjár  
4.1 milljón dýlar  
USB 2.0 og video  
MemoryStick  
USB kapall  
Hálsól  
Carl Zeiss  
3X optical  
**4 MÁNADA LÉTTGREIÐSLUR**



**AÐEINS**  
Zen Micro MP3  
**2.390,-\***  
Staðgreitt: 29.900,-

**CREATIVE**  
MEIRA ÚRVAL  
MuVo Slim MP3 12.990,-  
MuVo V200 MP3 8.990,-  
MuVo2 SQ 29.900,-  
MuVo NX 7.990,-  
MuVo 6.900,-  
Zen Micro 29.900,-  
Icemat 7.990,-  
JukeBox Zen 34.999,-

Zen Micro meiriháttar MP3 5GB harður diskur Spilar WMA / MP3 Tengist MS MPI10 FM útvarp Diktafóinn Heyrnartól fylgja 10 litir  
**0% VAXTALAUSAR RÁÐGREIÐSLUR**



**AÐEINS**  
Samsung plasma 42"  
**21.658,-\***  
Staðgreitt: 259.900,-

**SAMSUNG**  
MEIRA ÚRVAL  
Plasma 42" tækir:  
Thomson 429.900,-  
Sony 399.900,-  
NEC 379.900,-  
Phocus 249.900,-  
LCD tækir:  
Phocus 26" 129.900,-  
Sony 15" 89.900,-

Hlutföll 16:9  
Upplausn 852x480  
Skerpa 3000:1  
79 mm þykk  
Stærð: 1024 x 630,5  
Ábyrgð 3 ár  
**0% VAXTALAUSAR RÁÐGREIÐSLUR**



**AÐEINS**  
Flakkari og harður  
diskur  
**3.225,-\***  
Staðgreitt: 12.990,-

**SAMSUNG**  
MEIRA ÚRVAL  
Rapsody Video 21.900,-  
Sarotech200GB 15.900,-  
Sarotech250GB 18.900,-  
Sarotech stakur 4.490,-

Flakkari 160 GB harður Samsung diskur Flakkarabox Tengir og snúrur fylgja með  
**4 MÁNADA LÉTTGREIÐSLUR**



**TILBOÐ**

DVD myndir  
Xbox leikir  
PC leikir  
PS2 leikir  
CD diskur

World of warcraft  
öðyrastur í Expert



**AÐEINS**  
ET Player  
**12.333,-\***  
Staðgreitt: 147.990,-

**ET**  
MEIRA ÚRVAL  
ET-familia 89.900,-  
ET-NETTA M/17" 79.900,-  
ACER Aspire 139.900,-

Intel 3200 Mhz, 1024MB, 200GB, ATI X700, 10/100 netkort, DVD skrifari, USB 2.0 Creative hátalarar Windows XP home, 17" LCD Samsung skjár  
**0% VAXTALAUSAR RÁÐGREIÐSLUR**



**TILBOÐ**  
**79.990,-\***  
takmarkað magn

**acer**  
MEIRA ÚRVAL  
Acer Aspire1683 144.900,-  
Acer TM4502 154.900,-  
Acer TM2303 109.900,-  
Acer Aspire1690 179.900,-  
HP NX9105 129.900,-

AMD Athlon Sempron 2800+ 256k skyndiminni 256MB minni 40GB Ultra ATA CD skrifari / DVD 15.0" XGA TFT o.fl.  
VISA og EURO RÁÐGREIÐSLUR



**AÐEINS**  
Sony-Ericsson  
T290  
**1.995,-\***  
Staðgreitt: 7.980,-

**Sony Ericsson**  
MEIRA ÚRVAL  
Samsung:  
E700 22.900,-  
SGH-X450 13.900,-  
D-500 44.990,-  
Sony-Ericsson:  
K500 19.900,-  
K700 22.900,-

MMS WAP SMS spjall Polytónar o. fl.  
**4 MÁNADA LÉTTGREIÐSLUR**



**AÐEINS**  
Elta ferðatæki  
**1.248,-\***  
Staðgreitt: 4.900,-

**elta**  
MEIRA ÚRVAL  
Thomson 9.900,-  
Philips 16.900,-  
Philips 14.900,-  
Sony 14.900,-  
Sony 12.900,-

Ferðatæki Geislasplari Kassettutæki Útvarp o.fl.  
**4 MÁNADA LÉTTGREIÐSLUR**



**AÐEINS**  
Landmann gasgrill  
**5.695,-\***  
Staðgreitt: 64.900,-

**LANDMANN-PEIGA**  
MEIRA ÚRVAL  
12275 47.900,-  
000553 41.988,-  
004213 15.900,-  
004577 37.900,-

Pottjárns- grind og plata Þrjú brennarar úr pottjárni Tvískipt Viðarvagn Felliborð  
**0% VAXTALAUSAR RÁÐGREIÐSLUR**

# expert



Opíð virka daga kl. 11.00 - 18.30 | laugardaga kl. 10.00 - 18.00 | sunnudaga kl. 13.00 - 17.00 www.expert.is Skútuvogi 2 sími: 522 9000

Birt með fyrirvara um villur.

\*\*VISA- eða Euro vaxtalauser ráðgreiðslur, meðalgreiðsla í 12 mánaða viðbættum lærislu- og lántökugjöldum.

\*Vaxtalauser léttgreiðslur, 2-4 mánuðir

# Frábær mánudagstilboð!

NAGGALÍNAN  
SÆLKERABOLLUR

**370** kr.  
stk.

Pú sparar 199 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 569 kr./stk.

NAGGALÍNAN  
CORDON BLEU

**344** kr.  
stk.

Pú sparar 185 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 529 kr./stk.

**35%**  
afsláttur  
við kassa



## SPARAÐU



TORO GRÝTA  
4 TEGUNDIR

**299** kr.  
pk.



GÓÐA  
KINDA KÆFA

**119** kr.  
pk.



UNGNAUTAHAKK  
ÚR KJÖTBORÐI

**698** kr.  
kg

Pú sparar 400 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 1.098 kr./kg.



BAUTABÚRS  
KINDABJÚGU

**324** kr.  
kg

Pú sparar 175 kr.

ÍSLENSK  
AGÚRKA

**99** kr.  
stk.



EGILS FJÖR  
3 TEGUNDIR

**199** kr.  
stk



OEKTER PIZZA  
4 TEGUNDIR

**299** kr.  
stk.



## Steikt naut í Teriyaki

250 g Nautakjötsstrimlar – Nóatún  
1 tsk Karrí  
1 msk Teriyaki-sósa – La Choy  
Salt og pipar  
1 poki Ungverskt Stir-fry grænmeti – Náttúra  
1 dl Thai Jasmine hrísgrjón – Tilda

- Sjóðið hrísgrjónin í 15 mínútur í léttsoðu vatni.
- Kryddið kjötið með karrí og teriyaki-sósu.
- Léttsteikið nautakjötsstrimlana í lítilli olíu í ca. 2 mínútur.
- Kryddið með salti og pipar.
- Setjið grænmetið úti og steikið í 1 mínútu.



Berið strax fram með hrísgrjónum og teriyaki-sósu.



KS SÚRMJÓLK  
4 TEGUNDIR

**125** kr.  
stk.



COCA PUFFS

**249** kr.  
pk.

Pú sparar 100 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 349 kr./pk.



NÓATÚNS  
SALERNISPAPPÍR

**119** kr.  
pk.

Pú sparar 100 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 399 kr./pk.



NÓATÚNS  
HEILSUBRAUÐ

**199** kr.  
stk.



HATTING  
SNITTUBRAUÐ

**199** kr.  
stk.



7UP FREE  
2 L

**119** kr.  
2l.

Pú sparar 80 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 199 kr./2L.



NÓATÚN



FBL-GREINING: IMPREGILO, ALCOA-FJARÐAÁL OG BECHTEL

## Eins og svart og hvítt

Alþjóðlegu stórfyrirtækin Alcoa-Fjarðaál og Bechtel eru komin til að sinna framkvæmdum og rekstri álvers á Austurlandi. Allt öðruvísi er staðið að aðbúnaði starfsmanna og innkomu fyrirtækjanna í samfélagið á Reyðarfirði en á Kárahnjúkum þar sem alþjóðlega stórfyrirtækið Impregilo starfar.

### Hver er munurinn?

Impregilo kom hingað til lands með skömmum fyrirvara og hafði lítinn tíma til undirbúnings. Íslendingar voru sjálfir illa undirbúnir og vissu ekki á hverju þeir áttu von. Impregilo kom með nýja stefnu og strauma, vildi nota alþjóðlegar starfsmannaleigur og nýta sér þjónustusamninga. Alcoa-Fjarðaál og Bechtel vinna hlutina öðruvísi. Þeir

hafa nýtt sér tímann til að undirbúa verkið, byggja álver frá grunni og virðast vanda sig við verkið. Þeir vilja nýta sér beint ráðningarsamband. Leiða má líkum að því að Alcoa-Fjarðaál og Bechtel hafi líka lært af reynslu Impregilo. Stjórnendur þessara fyrirtækja hafa vafalítið fylgst vel með fjölmiðlaumfjölluninni og forðast þau mistök sem Impregilo hefur gert.

### Hver er munurinn í starfsmannastefnu og viðmóti þessara fyrirtækja?

Starfsaðstaða hefur breyst til batnaðar á Kárahnjúkum. Alcoa-Fjarðaál og Bechtel hafa látið vinna skýrslur um samfélagið og reyna að koma inn í það með lagni og vinna í takt við það



FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

semfélag sem fyrir er. Starfsmannaástaða er öll til fyrirmyndar á Reyðarfirði. Stjórnendur fyrirtækjanna setja stífar reglur, til dæmis um öryggismál og öryggisbúnað, og ganga eftir að það sé virt. Það er jú starfsmönnum í hag. Húsakosturinn er traustur og snyrtilegur og maturinn virðist lofa góðu. Mikið er gert fyrir starfsmennina. Ráðnir hafa verið fræðslustjóri og afþreyingastjóri. Sá síðarnefndi á að sjá til þess að eitt-hvað sé gert til afþreyingar fyrir starfsmenn. Þessi fyrirtæki, Impregilo á Kárahnjúkum og Alcoa-Fjarðaál og Bechtel á Reyðarfirði, eru eins og svart og hvítt hvað varðar aðkomu að verkefnum og innkomu í samfélagið sem fyrir er.



# Auðhringir, Íbúðalánasjóður og félagsleg undirboð

Alþjóðlegur frídagur verkalyðsins var haldinn hátíðlegur í gær í blíðskaparveðri. Helstu mál dagsins voru vald auðhringa, sterkur Íbúðalánasjóður og átakið Einn réttur – ekkert svindl! gegn félagslegum undirboðum á vinnumarkaði.

1. MAÍ Dagurinn í miðbænum hófst með hinni árlegu 1. maí göngu klukkan hálf tvö þar sem jafnt

ungir sem aldnir gengu frá Skólavörðuholti niður á Ingólfstorg með spjöld og fána á lofti til að krefjast betra kaups og kjara.

Stéttarfélag hafa sjaldan eða aldrei haft mikilvægara hlutverki að gegna, eins og kom fram í 1. maí ávarpi fulltrúaráðs verkalyðsfélaganna í Reykjavík. „Vaxandi áhrif auðhringa og stórfyrirtækja, sem styðjast við markaðssinnaða stjórnálamenn, sækja að réttindum og kjörum launafólks um allan heim,“ segir í ávarpinu og vill fulltrúaráðið koma reglu á kjör og aðstaður erlends vinnuafsls hér á landi.



FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL

MÚGUR OG MARGMENNÍ Jafnt ungir sem aldnir fjölmenntu í miðbænum og börðust fyrir betri kjörum.

„Stöndum vörð um Íbúðalánasjóð“ sagði jafnframt í ávarpinu, þar sem fulltrúaráðið gagnrýndi harða atlögu bankanna að sjóðnum. „Íbúðalánasjóður er í raun eina tryggingin fyrir því að vextir af íbúðalánum hækki ekki, því hann tryggir samkeppni á þessum markaði,“ en annað sem brann á vörum ráðsins var starfsöryggi eldra fólks, fjölmiðlar, réttur langveikra barna og ástandið í Írak og Palestínu.

Í kjölfar ávarpsins var kynnt átakið Einn réttur – ekkert svindl! á vegum Alþýðusambands Íslands og aðildarsamtaka þess. Með átakinu er barist gegn félagslegum undirboðum á vinnumarkaði og ólöglegri atvinnustarfsemi með erlendu vinnuafli í skjóli brota á lögum og kjarasamningum, en átakið hefst formlega í dag.

Dó Feministafélagið sé ekki stéttarfélag sem slíkt hafa feministar tekið virkan þátt í skipulagningu hátíðarhalds 1. maí frá stofnun félagsins. Á því varð engin breyting í gær en 35 ár voru síðan Rauðsokkurnar gengu niður Laugaveginum með borða sem á var letrað: „Manneskja ekki markaðsvara“. Í gær voru þessi einkunnarorð endurvakin og feministar fjölmenntu í kröfugönguna með bleik spjöld í staðinn fyrir hinn hefðbundna rauða lit sem flaggað hefur verið á 1.



„MANNESKJA EKKI MARKAÐSVARA“ Feministar nútímans vöktu 35 ára gömul einkunnarorð Rauðsokkanna.

maí til að tákna blóð sem píslarvottar verkalyðsins útheltu fyrir réttindi verkamanna.

Þegar niður á Ingólfstorg var komið hófst útífundur verkalyðsins. Ávarp fluttu Þórunn Sveinbjörnsdóttir, fyrsti varaformaður Eflingar, Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, og Hulda Katrín



VALDAMENN GAGNRÝNDIR Ungur maður heldur á skilti með áletruninni „Þegar sagan endurtekur sig“ og meðfylgjandi eru myndir af George W. Bush Bandaríkjaforseta með yfirvararskegg í anda Hitlers, Davíð Oddsyni með hendur fyrir augun og Halldóri Ásgrímssyni með hendur fyrir eyrun.

Stefánsdóttir, formaður Iðnnemasambands Íslands.

Ögmundur líkti auðmönnum landsins við Bogensen, kaupmann frá Óseyri í Axlarfirði úr hugmyndasmiðju Halldórs Laxness heitins, sem öllum og öllu réði í sinni sveit í krafti auðs og einokunarvalda. „Þeir líkna og lækna, hinir miklu velgjörðarmenn samfélagsins, alls staðar koma þeir fram sem veitendur. En þeim sem verðmætin skópu, almenningi, launafólki, er ætlað að sitja áhrifalausum á áhorfendabekkjum að klappa kapitalismanum lof í lófa,“ sagði Ögmundur í ræðu sinni. Hann endaði ávarpið á því að hvetja verkalyðinn til að snúa vörn í sókn.

lilja@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



PÚTÍN BRENNÐUR Í MOSKVA Fylgismenn rússneska kommúnistaflokksins brenna myndir af Vladímír Pútín Rússlandsforseta í fyrsta maí göngu í miðborg Moskvu í gær.

## ÁFRAM Í ÚRVALSDEILD?

- VIÐ EIGUM VAL

### AÐALFUNDUR SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

#### 3. MAÍ 2005, HÓTEL NORDICA








kl. 14:00	Venjuleg aðalfundarstórf
kl. 14:45	Kaffihlé
<b>kl. 15:00</b>	<b>OPIN DAGSKRÁ</b>
	<b>„ÁFRAM Í ÚRVALSDEILD?“</b>
	Myndskeið: Árangur atvinnulífsins
	Ræða nýkjörins formanns Samtaka atvinnulífsins
	Myndskeið: Árangur stjórnvalda
	Ræða Halldórs Ásgrímssonar, forsætisráðherra
	Myndskeið: Áherslur atvinnulífsins og framtíðarsýn
	<b>Umræður</b>
	Ármann Þorvaldsson, KB-banka
	Jón Ásgeir Jóhannesson, Baugi Group
	Katrín Pétursdóttir, Lýsi hf.
	Ragnhildur Geirsdóttir, FL Group
	Svafa Grönfeldt, Actavis Group
	Stjórn umræðna: Páll Magnússon
<b>kl. 16:30</b>	<b>Fundarlök</b>

Simultaneous  
English  
translation



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

# KALDIR DAGAR

Ísskápar með frábærum afslætti!



**GeneralFrost** **STÁL**  
GeneralFrost RF270-1673  
145sm STÁL KÆLISKÁPUR með frysti.  
Orkunýting A. Mál (hxbxd): 145x60x60.

**TILBOÐ 49.995**

Verð áður kr. 69.995



**EuroCool**  
EuroCool K16  
85sm KÆLISKÁPUR með litlu frystihólfu.  
Orkunýting A. Mál (hxbxd): 145x48.5x56.

**TILBOÐ 19.995**

